

Fyrirspurn til bæjarráðs varðandi notkun á heimasíðu sveitarfélagsins

Á heimasíðu sveitarfélagsins var birtur pistill bæjarstjóra hinn 21. desember, sl. þar sem viðraðar voru hugleiðingar hans um mögulega sölu á tæplega helmings hlut í fráveitu sveitarfélagsins og hvað salan gæti haft í för með sér. Í tilefni af pistlinum óskar undirritaður eftir upplýsingum um hvort áherslubreytingar hafi verið gerðar varðandi notkun heimasíðunnar, þannig að hún sé notuð í pólitískum tilgangi? Hafa slíkar breytingar verið kynntar og er það nú svo að allir bæjarfulltrúar geta birt þar sínar pólitísku hugleiðingar? Stendur bæjarfulltrúum til boða að birta þar pistla þar sem brugðist er við einhliða, og mögulega villandi, upplýsingum .

Gunnar Egilsson, D-lista.